


Alþingi
Erindi nr. P 127/1326
komudagur 18. 3. 2002



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík 15.03.2002.

Efni: Umsögn Veiðimálastofnunar um frumvörp til laga nr. 549, 553 og 539.

Veiðimálastofnun þakkar fyrir þá beiðni að veita umsögn um frumvörp er varða skipan rannsóknamála í landinu. Skammur frestur til umsagnar var gefin, en leyfi fékkst hjá starfsfólki nefndarsviðs að skila fyrir þriðjudag, þann 19. mars.

Helstu kostir frumvarps forsætisráðherra eru þeir að stjórn rannsóknamála er fært upp á æðsta stig framkvæmdarsýslu í landinu og kemur því til með að tengja betur saman stjórnsmál og rannsóknámál. Í því felst að stjórnsmálmenningin munu fá betri yfirsýn yfir það hve mikil og hvar helst er þörf fyrir rannsóknir á hverjum tíma þar sem þeir verða í nánari tengslum við fulltrúa rannsóknahverfisins í gegnum fyrirhugað Vísinda- og tækniráð. Jafnframt gefst rannsóknahverfnum betri kostur á að koma sínum hugmyndum á framfæri við ríkisstjórn landsins.

Helstu gallar frumvarpanna eru í meginráttum tveir og helgast af því að steypa núverandi Vísindasjóði og Tæknisjóði í einn Rannsóknasjóð. Annars vegar eru líkur á að bil myndist á milli grunnrannsókna og nýsköpunar. Hætta er á að þær atvinnutengdu rannsóknir sem nú fara fram á rannsóknastofnunum atvinnuveganna og hafa haft það hlutverk að stunda hagnýtar rannsóknir og koma grunnrannsóknum í brúk muni líða fyrir breytingarnar a.m.k. fyrst um sinn á meðan verið er að brúa bilið. Hins vegar eru líkur á því að með því að háskólasamfélagið verði mun sterkara og áhrifameira í væntanlegum Rannsóknasjóði heldur en stofnanir atvinnulífs, fyrirtæki og sjálfstætt starfandi vísindamenn. Í núverandi kerfi hafa háskólar fengið upp undir 70% af ráðstöfunarfé Vísindasjóðs en rannsóknastofnanir atvinnulífs og fyrirtæki fengið um 80% úr Tæknisjóði.

Þessar skoðanir verða rökstuddar enn frekar um leið og farið er í einstaka liði frumvarpanna hér að aftan.

Tvo aðra þætti almenns eðlis viljum við nefna sem varast þarf. Annar er sá að við yfirfærslu á milli kerfa myndist ekki tómarúm í marga mánuði eins og nú er hætta á.

Útfæra þarf betur yfirfærsluna m.t.t. þessa. Hinn er sá að gæta þess að sú þekking sem býr í RANNÍS þ.e. skrifstofu rannsóknaráðs glattist ekki og aðallega býr í þeim mannafla sem þar er. Einnig virðist okkur að nýju frumvörpin taki ekki tillit til þeirrar nauðsynjar að hafa öflugra skrifstofu til þess að vinna málin undir ákvarðanafundi og síðan líka til eftirfylgju mála. Sérstaklega á það við um hinn nýja Rannsóknasjóð.

Frumvarp til laga um Vísinda- og tækniráð. 539

1 gr. Markmið laga þessara er að efla vísindarannsóknir, *hagnýtar rannsóknir*, vísindamenntun og tækniþróun í landinu.....

Breyting. Bætt skal inn “*hagnýtum rannsóknnum*”.

Rök. Ekki skal gleyma að hagnýtar rannsóknir eru undirstaða nýsköpunar starfandi fyrirtækja í landinu. Því er mjög nauðsynlegt að marka strax þá stefnu að efla þá undirstöðu í markmiði frumvarpsins.

2. gr. Óbreytt.

3. gr. Fjóra samkvæmt tilnefningu rannsóknasamfélagsins, *tvo skv. tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins og tvo skv. tilnefningu rannsóknastofnana atvinnulífsins*.

Breyting. Bætt inn tveimur fulltrúum frá rannsóknastofnunum atvinnulífsins og því fækkað um tvo frá samstarfsnefnd háskólastigsins.

Rök: Atvinnutengdar rannsóknir hafa haft mikið vægi hingað til og í því finnska módeli sem þessar breytingar eiga að hvíla á, er mjög mikil áhersla lögð á þess konar rannsóknir. Því er eðlilegt að fulltrúar þeirra sem stunda þessar rannsóknir eigi fulltrúa í Vísinda og tækniráði til jafns við samstarfsnefnd háskólastigsins. Ekkert er sagt um það í frumvarpinu að þeir fulltrúar sem fagraðherrarir eiga að tilnefna skuli vera úr rannsóknarsamfélaginu, það gætu allt eins orðið embættismenn ráðuneyta.

4. gr. Iðnaðarráðherra skipar tækninefnd með sama hætti. Fulltrúar háskóla og rannsóknastofnana skulu skiptast milli nefnda til að tryggja samræmingu og samvinnu milli vísinda og hagnýtra rannsókna.

Breyting. Fulltrúar háskóla og rannsóknastofnana skulu skiptast milli nefnda til að tryggja samræmingu og samvinnu milli vísinda og hagnýtra rannsókna.

Rök: Á árunum 1992-1994 var mikið talað um svokallaða “Nýsköpunargjá” sem hindraði flæði niðurstaðna úr vísindasamfélaginu út í atvinnulífið. Þetta var brúað með samstarfi háskóla og atvinnulífs. Mikilvægt er að þetta samstarf haldi í þessari skipan og ekki verði búin til ný “Nýsköpunargjá”.

5. gr. Engin breyting.

6. gr. Engin breyting.

Frumvarp til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir. 549

1. gr.með því að styrkja grunnrannsóknir, hagnýtar rannsóknir í þágu atvinnulífsins og stuðla.....

Breyting: Bætt er inn “í þágu atvinnulífsins”

Rök: Mjög mikilvægt er að það sé ljóst að hið endanlega markmið hagnýtra rannsókna er að styrkja og styðja við uppbyggingu nýsköpunar í atvinnulífi hérlendis.

2. gr. Samningur um styrkveitingu er bundinn við rannsóknir.....formlegir umsækjendur eða aðilar samnings.

Breyting. Tekið verði út úr lagatexta öll setningin sem hefst á “*Samningur um*” og endar á “*eða aðilar samnings*”.

Rök. Stofnanir og fyrirtæki geta ekki bundið sínar rannsóknir og fjármögnun við ákveðna einstaklinga. Reikna verður með nýliðun starfsfólks, fólk hætti og annað komi. Í því ljósi er þessi setning sem lagt er til að fari út.

3. gr. Engin breyting.

4. gr. Engin breyting.

Athugasemd: Meiri líkur eru á að stefnumótun endurspeglis í úthlutun styrkja ef fleiri en formaður kæmi úr Vísinda og tækniráði í stjórn Rannsóknasjóðs. Einnig hefði verið meiri metnaður í því ef úthlutunarferlið hefði verið þriggja þrepa líkt og er í dag, þ.e. úthlutunarnefndir hefðu verið á milli stjórnar og fagráða.

5. gr. *Fagrád metur umsóknir eða hugverkaréttinda eftir því sem við á.*

Breyting. Tvær setningar verði teknar út úr lagatexta sem hefst á “*Fagrád metur umsóknir*” og sú seinni endar á “*eða hugverkaréttinda eftir því sem við á*”. Í stað þessara setninga kemur: *Fagrád metur umsóknir með tilliti til þeirra úthlutunarreglna sem stjórn Rannsóknasjóðs setur hverju sinni (sjá 8 gr.).*

Rök: Óeðlilegt er að verkefni sem stuðla að nýsköpun í íslensku atvinnulífi sé undir skilgreiningu þess að forsenda fyrir styrkveitingu sé nýnæmi á alþjóðlegan mælikvarða. Athuga verður að verið er að steypa saman Vísindasjóði og Tæknisjóði í einn Rannsóknasjóð. Vísinda- og tækniráð mótast stefnu stjórnvalda í vísinda- og tæknimálum hverju sinni. Stjórn Rannsóknasjóðs semur úthlutunarreglur m.t.t. stefnu stjórnvalda. Því

er óeðlilegt að binda í lagatexta vinnureglu hver eiga að vera forgangsattriði í sambandi við úthlutun styrkja.

6. gr. Engin breyting

7. gr. Engin breyting

8. gr. Reglurnar skulu gefnar út eigi síðar en *sex* vikum fyrir lok umsóknarfrests.

Breyting: Reglurnar skulu gefnar út eigi síðar en *tólf* vikum fyrir lok umsóknarfrests.

Rök: Sívaxandi vinna felst í því að semja umsóknir. Geri stjórn Rannsóknasjóðs veigamiklar breytingar á úthlutunarreglum eru *sex* vikur einfaldlega of skammur tími til að semja góða umsókn.

9. gr. Engin breyting

10. gr. Engin breyting

11. gr. Engin breyting

Frumvarp til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins. 553

1. gr. Markmið laga þessara er að efla samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs með því byggja upp tæknilega getu *rannsóknastofnana atvinnulífsins*, fyrirtækja.....takast á við tækniþróun og *hagnýtar* rannsóknir.....

Breyting: Bæta inn "*rannsóknastofnana atvinnulífsins*". Síðar í setningu bætist við orðið "*hagnýtar*" rannsóknir.

Rök. Flest fyrirtæki sem stunda nýsköpun þurfa á aðstoð utanaðkomandi sérfræðinga. Því er mjög nauðsynlegt fyrir þessi fyrirtæki að aðgengi þeirra að hæfu liði sérfræðinga sé tryggt og geta þeirra til rannsókna og þróunarstarfsemi sé góð. Eðlilegt er að hér standi hagnýtar rannsóknir en ekki eingöngu rannsóknir sakir eðli þessara laga sem fjalla um íslenskt atvinnulíf en ekki menntun vísindamanna og vísindarannsóknir.

2. gr. Engin breyting

3. gr. Engin breyting.

4. gr. Undir lið a: styrkja tækniþróun og *tengdar rannsóknir* í þágu nýsköpunar atvinnulífsins,

Undir lið d: styrkja verkefni á vegum einstaklinga, fyrirtækja og *stofnana* sem líkleg...

Breyting: Bæta við “og *tengdar rannsóknir*” í lið a. Fella út orðin “*lítill*” og “*smá*” bæta inn “og *stofnana*” í lið d.

Rök. Mikilvægt er að “tengdar rannsóknir” séu inni til að benda á mikilvægi rannsókna í nýsköpunarferlinu. Ekki eru nein rök fyrir að takmarka sig við orðin “lítill” og “smá” án þess að skilgreina hvað fellst í þeim orðum. Ekki er þörf á að takmarka þetta á þennan hátt, frekar að sjóðurinn setji sér síðar vinnureglur sem taka á þessu. Bæti inn “og stofnana” með þeim rökstuðningi að sama er hvaðan gott kemur, ef verkefni kemur frá stofnunum og nær tilgangi um að vera til nýsköpunar þá eigi það að vera styrkhæft.


5. gr. Engin breyting.

6. gr. Engin breyting.

7. gr. Engin breyting.

Athugasemd: Eðlilegt er að samræmi sé milli 8 gr. í frumvarpi 549 og 7 gr. í þessu frumvarpi.

Virðingarfyllst,



Sigurður Guðjónsson
Veiðimálastofnun